

1035. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. desember 2009. 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefanía Magnúsdóttir, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir sem ritar fundargerð.

Gestur fundarins var Haukur Ingi Jónasson ráðgjafi og Helga Árnadóttir, fjármálastjóri VR

Dagskrá:

1. **Fundarsetning**

Kristinn Örn setti fundinn kl. 18:30.

2. **Samþykkt fundargerða síðasta fundar**

3. **Árshlutauppgjör 3 ársfjórðungs**

Helga Árnadóttir fjármálastjóri VR, kynnti „*uppgjör janúar-september 2009*“ fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Umræður. Kristinn Örn vildi færa til bókar ánægju sína varðandi útkomu rekstrar félagsins síðustu 9 mánuði en samkvæmt honum hafi áætlun haldið vel og vel haldið utan um kostnað.

4. **Drög að fjárhagsáætlun ársins 2010**

Helga fór yfir fyrstu drög áætlunar fyrir árið 2010. Umræður.

Áður en gengið var til næsta dagskrárliðar, bar Kristinn Örn fram tillögu og umræður til stjórnar, um breytingu á ritun fundargerða:

„Stjórn VR samþykkir að ritun fundargerða verði hér eftir með þeim hætti að einungis sé fært til bókar dagkrárefni og ákvarðanir sem af þeim leiða. Fundarmenn geta og skulu óska sérstaklega eftir því að gerðar séu sérstakar bókanir og skulu þær vera lagðar fram skriflega.“

Samþykkt.

5. **Breytingar á lögum VR deildar í Vestmannaeyjum**

Kristinn Örn kynnti fyrir stjórn breytingar á lögum varðandi 3 og 5 gr. og óskaði eftir að hún staðfesti þessar breytingar á lögum VR deildar í Vestmannaeyjum. Samþykkt.

6. **Erindi Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna (LV) – tilnefning í stjórn 2010-2013**

Kristinn Örn lagði fram skjalið „*Tilnefning í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*“ dags. 26.11.09 frá LV. Umræður. Undir þessum lið dreifði Kristinn Örn hugmyndum að tillögu um verklag stjórnar við val á fulltrúum VR í stjórn LV. Óskaði hann eftir álit og umræðum frá stjórnarmönnum varðandi þessa tillögu.

Þorlákur bar upp tillögu til fundarins um þetta mál:

„Að þrír stjórnarmenn verði skipaðir í nefnd og komi með tillögur að verklagsreglum um skipan í stjórn LV á næsta stjórnarfund. Tillögur og hugmyndir frá stjórnarmönnum þurfa að berast til nefndarinnar fyrir 24. desember 2009“.

Samþykkt.

Samþykkt að skipa Ástu Rut Jónasdóttur, Þorlák Jóhannsson og Ragnar Þór Ingólfsson í nefndina.

7. **Styrkbeiðnir**

Stefanía óskaði eftir að stjórn VR samþykkti eftirfarandi ályktun með styrk kr. 500 þúsund til Félags heyrnarlausra:

„Stjórn VR styður eindregið viðurkenningu á því að íslenskt táknmál verði móðurmál heyrnarlausra“.

Samþykkt

Samþykkt að styrkja styrktarfélagið Líf um kr. 100 þúsund.

8. **Önnur mál.**

Sigurður bar upp eftirfarandi tillögu:

"Að boðað verði til auka stjórnarfundar VR miðvikudaginn 16. desember kl 12:00- 13:30 í húsi verslunar til að ræða framgöngu Varaformanns VR“.

Samþykkt

Kristinn lagði til að hækkun á leigu fyrir orlofshús yðri frestað. Samþykkt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.